

Ársskýrsla

Skógræktarfélags Akraness

2024



Aðalfundur Skógræktarfélags Akraness var haldinn í Jónsbúð þriðjudaginn 19. mars kl. 18. Stjórn félagsins var endurkjörin með þeim breytingum að Bjarni baðst undan endurkjöri til varaformanns en verður meðstjórnandi, Katrín var kjörin varaformaður í stað Bjarna og Oddný kjörin ritari í stað Katrínar. Bryndís Siemsen var kjörin varamaður í stjórn og kemur hún ný inn í stjórnina. Stjórnina skipa: Jens Benedikt Baldursson formaður, Katrín Leifsdóttir varaformaður, Oddný Björgvinsdóttir ritari, Eiríkur Karlsson gjaldkeri. Meðstjórnendur: Bjarni Þóroddsson, Einar Guðleifsson og Ellert Kristinn Jósefsson. Varamenn: Bryndís Siemsen, Helena Valtýsdóttir, Hjördís Hjartardóttir, Jóhannes Simonsen, Leó Jóhannesson og Margrét Þorvaldsdóttir. Skoðunarmaður ársreikninga: Lárus Ársælsson og Halldór Stefánsson til vara.

2024 var þokkalegt vaxtarár. Skv. Veðurstofu Íslands var árið 2024 óvenjukalt ef miðað er við hitafar þessarar aldar. Á landsvísu var hitinn 0,8 stigum undir meðallagi áranna 1991 til 2020. Sumarið var blautt á landinu öllu, en aðrir mánuðir ársins voru tiltölulega þurrir. Loftþrýstingur var óvenjulega lágur frá júní og út ágúst og einkenndist sumarið af lægðagangi og óhagstæðri tíð. Á öðrum árstímum var tiltölulega hægviðrasamt og loftþrýstingur og vindhraði voru í kringum meðallag þegar litið er á árið í heild.

Veturinn 2023 til 2024 var nokkuð hagstæður. Það var tiltölulega hægviðrasamt, þurrt og tíð góð. Illviðri voru með færra móti. Sumarið (júní til september) var óvenjukalt miðað við sumur þessara aldar og hlýir dagar voru fáir. Nokkuð langvinnt norðanhret gekk yfir landið í byrjun sumars. Eftir það tók við mikil vætutíð og var sumarið óvenjulega blautt, sérstaklega á Vestur- og Norðurlandi. Tíð var mun hagstæðari í september, sem var tiltölulega þurr og sólríkur en kaldur.

Það mátti greina góðan vöxt í mörgum trjám í vætutíðinni og við þurftum lítið að vökva og gátum tæmt vökvunarbakkana frekar snemma. Meðalhiti haustsins (október og nóvember) var undir meðallagi þrátt fyrir hlýindakafla í byrjun nóvember. Desember var svo tiltölulega kaldur og blautur vestanlands.

Gróðursett voru 3.025 tré (2023: 5.566). Þar af tæp tvö þúsund bakkatré sem við fengum frá Landgræðslusjóði og tæp ellefu hundruð stærri tré, tré sem við höfðum pottað í fyrra og í sumarbyrjun og svo tré sem við eða aðrir keyptu og gróðursettu á svæðum okkar eða tré sem við færðum milli svæða. Mest var gróðursett af ösp eða 808 tré (mest stiklingar sem við klipptum og settum í potta), þá kom birki, 718 tré. Auk þessa eigum við fjölda asparstiklinga í pottum sem verða væntanlega settir niður á næsta ári.

Við gróðursettum rúmlega 562 grenitré, langmest sitkagreni en einnig blágreni. Þá voru gróðursettar 55 potta-furur. Gróðursettar voru rúmlega 700 elriplöntur (gráölur og svartölur), 5 reynitré og 268 rússalerki. Þá voru keypt ýmis tré og gróðursett: fjallapallir o.fl.

Langmest var gróðursett í Slögu en einnig var nokkuð gróðursett í Garðaflóa.

Við settum tæplega þrjú þúsund tré í potta sem við geymum í uppeldisaðstöðu okkar við Einbúann og stefnum að því að gróðursetja á næsta eða þarnæsta ári. Mest eru það asparstiklingar sem við klipptum en einnig töluvert af greni, furu og birki. Nokkur hluti asparstiklinganna var gróðursettur seinna um sumarið. Þá var heggur, Virginíuheggur og askur pottaður.

Við tínum reyniber á haustin og setjum í mold. Fremur lítið kom upp af reyniberjunum í sumar og ákveðið að gefa berjunum veturinn til þroskast auk þess sem eitthvað af reyniberjum voru marin og sett í mold.

Við notuðum mold úr moldarflaginu við gámana til að potta plönturnar og settum smávegis hrossaskít með.

Félagsmenn gróðursettu flestar plönturnar, aðallega stjórnarmenn og venslafólk þeirra, en Grétar Einarsson og félagar hjálpuðu okkur eins og fyrri ár. Rótarýfélagar gróðursetja og grisja nokkrum sinnum á hverju ári. Útskriftarnemendur Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi koma tvisvar á ári og gróðursetja með okkur við þjóðveginn. Þá fengum við vinnuhóp frá garðyrkjustjóra til að vinna með okkur síðasta sumar. Þau gróðursettu í Garðaflóa, tróðu niður gras við tré og báru áburð á. Þá gróðursetja sjálfboðaliðar Skógræktarfélags Íslands fjölmargar plöntur.

Trén frá Landgræðslusjóði bárust í júní. Bakkaplöntur voru gróðursettar fram í september en stærri tré voru sett niður fram í október. Tré voru færð frá mars til loka október.

Plöntusjúkdómar. Fremur lítið bar á meindýrum eins og asparglyttu eða annari óværu. Úðað var í uppeldisaðstöðunni en lítið annars staðar. Hvassviðri og leiðindaveður virðast leiða til þess að minna er um asparglyttu.

Möl og stígagerð: Stígagerðin er yfirleitt kostnaðarsamasti útgjaldaliðurinn hjá okkur. Minna var gert þetta árið en oftast áður og ekki náðist að nota alla þá fjármuni sem ætlaðir voru í stígagerð. Þeir verða notaðir á árinu 2025.

Mold við gámana í Slögu. Frá 2022 höfum við fengið verktaka, sem voru að flytja mold úr grunnum og úr uppgreftri á nýjum byggingarsvæðum á Akranesi á Moldartippana, til að sturta moldinni á svæðið við gáma okkar í Slögu. Þar var jafnað úr stórum kurlhaug fyrir nokkrum árum og sett þunnt lag af mold yfir. Í byrjun var markmiðið að fá þykkara moldarlag en verktakar og bílstjórar tóku afar vel í beiðni okkar svo að fyrri hluta ársins 2023 streymdu bílar með mold á svæðið. Um sumarið og veturinn 2023 - 24 fengum við ekki mikla mold og það var ekki fyrir en í maí - júní 2024 að bílar frá Þrótti fluttu töluvert af mold til okkar. Við hefðum getað fengið meira en í rigningartíðinni var aðeins hægt að sturta takmörkuðu magni af mold á planið, vörubílarirnir voru að festa sig í drullunni. Við ákváðum að nóg væri komið af mold og tímabært að forma landslag þarna svo hægt væri að hefja gróðursetningu.

Í lok árs fengum við Hjalta Samúelsson til að vinna í moldarflaginu með jarðýtu sína. Hann lauk við að forma landslagið í desember svo með vorinu þarf aðeins að lagfæra smávegis áður en sáð verður í grasflöt og tré gróðursett. Leggja þarf áherslu á vatnshalla svo hvergi myndist drullusvað. Þarna getur orðið skemmtilegt útivistarsvæði.

Það er umhugsunarvert að nú á tímum umhverfisverndar sé ekki betur hugað að þeim verðmætum sem felast í moldinni. Henni er sturtað á Moldartippinn og víðar án þess að hugað sé að uppgræðslu. Nýta mætti miklu meira af moldinni í bænum með því að mynda hóla og garða sem m.a. geta verið eins konar „skjólveggir“ gegn veðri og vindum og gegn umferðarhávaða. Auk þess vaxa tré betur í smávegis halla sem oft veitir meira skjól og vatn liggur ekki stöðugt að rótunum.

Sjálfbóðaliðar Skógræktarfélags Íslands mættu mánudaginn 10. júní og unnu hjá okkur í 5 daga til föstudagsins 14. júní. Þetta voru 2 piltar og 2 stúlkur, frá Ítalíu, Póllandi, Þýskalandi og Austurríki. Narfi skógræðingur hjá Sí stjórnaði hópnum. Sett voru niður bakkatré og pottatré, tré sett í potta, amagróður hreinsaður úr pottum, stígar voru lagfærðir og margt fleira gerðu þau fyrir skógræktina okkar. Þau fengu að gista í skátahúsinu eins og venjulega og fengu ókeypis í sund. - Sjálfbóðaliðarnir komu aftur 16. sept. og voru tvo daga, til 17. sept. Nú voru þau 7 en 6 seinni daginn. Þau gróðursettu með okkur í neðst í Slögu, settu nokkur ræsi í stíg 10 og slógu marga stíga í Slögu.

Eins og fyrri ár er það mikilvægt fyrir okkur að fá þetta unga kraftmikla fólk til að vinna með okkur ásamt Narfa skógræðingi sem gjarnan gefur okkur góð ráð. Hann og sjálfbóðaliðarnir hafa unnið með hinum ýmsu skógræktarfélagum og með þeim berst reynsla og þekking milli skógræktarsvæða.

Ingólfur Valdimarsson verktaki lánaði okkur „hand“-ruddasláttuvél á síðasta ári. Slegið var nokkrum sinnum með þessari öfluglu vél þó líklega hefði mátt slá oftar. Nú er nokkurt vesen að nota litlar bensínláttuvélar, bensínorf og önnur slík smátæki. Þau þola ekki 95 okt. bensín nema sett sé bætiefni í bensínið eða að notað sé 98 okt. bensín. Það bensín verður að kaupa í Reykjavík.

Líf í lundi var haldið í fínu veðri á miðsvæðinu í Slögu mánudaginn 24. júní kl. 18 – 20.

Skógræktarfélagið, Skátafélagið og Norræna félagið á Akranesi stóðu að viðburðinum eins og undanfarin ár. Gekk á með skúrum svo við færðum samkomuna inn á milli trjánna í fínasta skjól í skóginum. Greinar voru tálgaðar, deigi vafið um þær og bakað yfir eldi - snúrudeig. Sívinsælt hjá fólki á öllum aldri. Við buðum uppá pylsur, lummur, ketilkaffi, kakó og gos. Og axarkastið og bingíóð eru alltaf vinsæl. Ánægjulegur dagur þó veðrið hafi stundum verið betra. En það er bara að kunna að klæða sig eftir veðri.

Það hefur reynst vel að fá fleiri félög en skógræktarfélagið til að standa með okkur að Lífi í lundi. Þá mæta fleiri til að sinna nauðsynlegum störfum eins og grillinu, ketilkaffinu, snúrubrauðinu, axarkastinu o.s.frv. Samt væri gott ef enn fleiri tækju þátt í starfinu þennan dag. Líf í lundi er haldið þegar sumarleyfi fólks er að hefjast og alltaf eitthvert fólk fjarverandi sem venjulega tekur fullan þátt í starfi þessara félaga.

Reyna þarf að virkja fleiri. Þá væri hægt að skipuleggja fleiri viðburði eins og gönguferðir, fleiri leiki o.fl.

Jólatrjáasalan. Líkt og undanfarin ár höfum við lítið af jólatrjám í heppilegri stærð sem við tímum að missa. Jólatrjáasalan var því aðeins auglýst á Facebook-síðu okkar og í pósti til félagsmanna og aðeins var selt einn dag. Jafnframt var tekið fram að við hefðum lítið af trjám en hægt væri að finna tré meðal stærri trjáanna og saga mætti ofan af trjám. Nokkru fleiri mættu en í fyrra og aðeins fleiri tré voru seld. Okkur fannst sérlega ánægjulegt hversu margar stórfjölskyldur mættu, afi, amma, börn og barnabörn og þó þau keyptu bara eitt tré var gaman að sjá gleðina meðal fólks að komast inn í skóg í góða veðrinu sem þá var. Veðrið reyndist betra en ætla mætti skv. spánni. Á eftir var fólki að venju boðið uppá Swiss miss með rjóma og mjólk, piparkökur og frábærar nýsteiktar kleinur frá Katrínu.

Framkvæmdasamningurinn við Akranesbæ rann út í lok árs 2020. Ekki hefur náðst að endurnýja hann en bæjarstjórn hefur samþykkt að veita okkur 3 milljóna árlegan styrk eftir sem áður.

Glíman við sauðkindina. Basl vegna hestamanna. Sauðfé er rekið á Akrafjall á vorin og er þar fram í september. Sauðfénu í fjallinu virðist fara fjölgandi undanfarin ár og vaxandi fjöldi fer niður í land Óss sem er við hliðina á Slögu. Bændur þar eru ekki með sauðfé og vildu gjarnan losna við það úr sínu landi. Til þess þurfa þau að girða land sitt sem er fokdýrt. Við eigum í mesta basli með að halda við girðingunni um skógræktina, sérstaklega girðingunni að fjallinu, efst í Slögu, en hún skemmist oft í grjót-, aur- eða snjósCRIðum. Og annars slagið gleymir fólk að loka hliðum svo rollur sleppa inn í skógræktina.

Í byrjun sept. sáum við nokkrar rollur neðst í Slögu. Auk þess sást að lítil tré höfðu verið bitin og kindaskítur var víða. Haft var samband við eigandann, bónda í Hvalfjarðarsveit sem á þessar rollur, en hann aftók að sækja rollur sínar. Þær yrðu sóttar þegar svæðið yrði smalað. Það vildi okkur til happs að einn hobbysauðfjareigandinn á Akranesi fór með sínum góða smalahundi og sótti rollurnar og setti inn í girðingu Akranesbæjar. Það munar öllu að rollueigendur geti og nenni að hugsa um kindur sínar og kunni lagið á þeim. Við gamla fólkið í skógræktarfélaginu sem flest erum bæjarbúar, vitum ekki hvernig á að meðhöndla þessi ágætu dýr og erum heldur fótífuin til að eltast við kindur. Það er löngu nauðsynlegt að banna lausagöngu búfjár og sjá til þess að eigendur þess beri ábyrgð á því og haldi því á eigin landi en beiti því ekki á annara land.

Við höfum hingað til ekki átt í erjum við hestamenn en í júní var daglega hópur barna og unglinga á hestbaki í Slögu. Í ljós kom að hestamaður hafði m.a. auglýst námskeið fyrir börn sem fór fram í skógræktinni. Gangandi fólk kvartaði yfir hrossaskít og skemmdum á stígum og að það þyrfti að víkja fyrir hestafólkinu. Haft var samband við formann hestamannafélagsins sem hafði skilning á stöðu okkar. Í kjölfarið hættu hestamennirnir að fara um svæðið nema hvað nokkru síðar fór einhver eða einhverjir á hestum um grasstígana í Neðri Slögu og olli töluverðum skemmdum enda stígarnir blautir svo hófarnir sukku djúpt í grassvörðinn. - Einstaka sinnum hafa hestamenn farið um Slögu, sérstaklega ef þeir ætla meðfram fjallinu. Við höfum látið það óátalið en ekki er líðandi að einstaklingar eða fyrirtæki auglýsi námskeið í skógræktinni án leyfis frá Skógræktarfélaginu.

Þjófnaður á borðum og smáskemmdir. Tveimur borðum með bekkjum var stolið frá okkur föstudaginn 5. júlí kl. 00.28.50 skv. eftirlitsmyndavél. Þar sést ógreinilega (engin númer sáust) blár sendiferðabíll með hvítri rönd fara frá gámunum í Slögu með borðin í kerru. Þetta eru ekki dýr borð og nokkuð við aldur en þau voru töluvert notuð af okkur og öðru fólki við gámana. Afskaplega leiðinlegt að ekki sé hægt að hafa borð úti þarna fólki til yndisauka. Auk þessa voru smávægilegar skemmdir unnar á keðjum og lásnum á hliðum og kerrutengjum var stolið en að öðru leyti sluppum við vel frá skemmdum

Þetta árið. Það hefur sýnt sig að það borgar sig að hafa svæði okkar lokað fyrir umferð bíla og fjórhjóra en leyfa aðeins gangandi fólki að fara um, minna er um skemmdir og þjófnaði.

2024 voru unnin 134 dagsverk (1 dagsverk = 8 tímar) á vegum skógræktarfélagsins. Haldnir voru 14 stjórnar- og vinnufundir. Á sumrin var þessum fundum blandað saman, fundað fyrst og síðan tekið til hendinni. Þá köllum við þetta vinnufundi og voru þeir á mánudögum kl. 17 - 19. Mestur tími fór í gróðursetningu og ýmislegt tengt henni, þá kom plöntuframleiðsla (pottun plantna og ýmislegt tengt henni, vökvun, tína amagróður úr pottun, tiltekt í uppeldisaðstöðu, stiklingar voru klipptir o.s.frv.). Það veldur töluverðri aukavinnu að við erum ekki með vökvunaraðstöðu við Einbúa heldur verðum að sækja allt vatn á bensínstöðvar í 1000 lítra tanki.

Í mannvirkjagerð fór mikill tími: smíði og viðhald hliða, girðinga, húsakosts og tækja, viðhaldi klósettskúrs í Slögu, slætti stíga, stígagerð, tiltekt, vatnslagnir og tengingar.

Önnur vinna felst í jólatrjáasölu, grisjun, skýrslugerð og alls konar tölvuvinnu og tölvupósta, skipulagningu, fundarhöldum o.fl. Slumpað var á tíma vegna þessarar vinnu.

Vinna okkar sjálfboðaliðanna er vantalin eins og gjarnan er með vinnu venjulegs fólks.

Samkomugámur í Slögu. Steðji setti hurð og glugga í mið-gáminn okkar í Slögu. Jafnframt var sett álplata fyrir gluggann sem auðveldlega má taka af þegar fólk er á svæðinu. Settar voru stoðir í gáminn og rakasperruplast í loftið. Eftir er að setja hillur meðfram einum veggnum. Þetta verður samkomugámur okkar í Slögu á næstu árum.

Lokaorð. Eins og sjá má af upptalningunni hér að framan er vinna okkar mikil og fjölbreytt. Langmest er þetta sjálfboðavinna okkar í félaginu, sérstaklega stjórnarmanna.

Það munar miklu um sjálfboðaliða eins og t.d. féлага í Rótaryklúbbi Akraness, Grétar Einarsson og féлага og fleiri sem vinna í skógræktinni á hverju ári. Bjarnþór Kolbeins hefur tekið drónamyndir fyrir okkur.

Mörg fyrirtæki og starfsmenn þeirra hafa reynst félaginu vel og bæjarfélagið hefur styrkt starf þess. Nefna má fyrirtækin Bjarmar, Ingólf Valdimarsson, Hjalta Samúelsson og Þrótt. Þá ber að þakka verktökum sem eru að flytja mold á Moldartippana en hafa affermt hana á svæði okkar í Slögu, okkur að kostnaðarlausu.

Í lokin þakka ég félagsmönnum skógræktarfélagsins fyrir stuðninginn. Mest ber þó að þakka stjórnarmönnum félagsins fyrir að halda félaginu gangandi og gera það sem gera þarf.

Jens Benedikt Baldursson formaður

Í viðauka hér á eftir eru myndir og textar frá síðasta starfsári. Einnig myndir með merkingum á svæðum okkar. Þessar myndir eru sumar á heimasíðu okkar eða á Facebook-síðunni en reynslan sýnir að varhugavert er að treysta á að slíkar vefsíður lifi lengi. Þá varð þetta til þess að farið var yfir myndasafnið og myndir valdar. Það er töluverð vinna en nauðsynlegt til að veita innsýn í starf félagsins og sýna vöxt trjáanna. Viðaukarnir eru tveir. Viðauki 1 er myndasafn síðasta árs. Viðauki 2 eru myndir af skógræktarsvæðum Skógræktarfélags Akraness og merkingar svæða. Þetta er sami viðauki og fylgdi ársskýrslunni 2021. Þess vegna er þessum viðauka sleppt í prentuðu ársskýrslunum 2022, 2023 og 2024 en vísað í þessar ársskýrslur á vefsíðu okkar skogak.com og prentuðu ársskýrsluna 2021.

Viðauki 1 með myndum og textum sem margar hafa birst á heimasíðu okkar:

<https://www.skogak.com/> eða á Facebook-síðunni: <https://www.facebook.com/groups/326273417742172/>

Janúar - febrúar 2024. Rjúpur í Slögu - mold við gáma - Magnús ýtustjóri hjá Þrótti.



Febrúar. Aðstaða félagsins séð frá Einbúanum. - Stíflað ræsi í Slögu.



Febrúar. Skemmd læsing á hliði. Unnið í moldarflaginu við gámana.



Mars. Asparstiklingar klipptir - jólatré gróðursett - Valdimar gaf okkur hurð og glugga í gám



Aðalfundurinn 19. mars í Jónsbúð. - Nýtt uppeldis- og athafnasvæði innst og neðst í „gömlu“ Slögu



Mars. Bjarnþór með drónann við myndatöku. Drónamynd sem búið er að teikna inná hugmyndir. Grænt: uppeldis- og athafnasvæði, rautt: stígar, blátt: svæði til gróðursetningar, gult: hæðir sem þarf að jafna út.



Mars. Asparstiklingar klipptir á Dalbraut 21 - "Flöskutré" Grétars dafna vel. Sett niður í fyrra.



Apríl. Ónýtur víðir grisjaður á nýja uppeldissvæðinu í Slögu.



Útskriftarnemendur Fjölbrautaskóla Vesturlands gróðursettu tré 10. apríl.



12. apríl. Grisjaður ónýtur víðir á nýja uppeldis- og athafnasvæðinu í Slögu. Fluttur á urðunarstað við hlið 4 en hann verður „undirstaða“ undir stækkun bílplans og snúningsplans.



Apríl. Hlið við inngang 3 lagað. Hafði fokið upp. - Maí. Grisjað neðst í Slögu. Víðir sem hafði fallið á girðinguna. - Fjallapöll sem Oddný gróðursetti á nokkrum stöðum.



23. maí. Girðingar efst í Slögu eru lélegar og þurfa mikið viðhald. Stöðugur ágangur af grjót-, aur- og snjóskriðum. - Hrymurinn dafnar afar vel í þunnum jarðveginum þarna.



25. maí. Víðir rifnar oft upp með rótum enda rôtarkerfið lélegt. - 28. maí. Rótarýklúbbur Akraness keypti einn bekk sem fangar smíðuðu. Skógræktarfélagið keypti annan. - 29. maí grisjuðu Rótarýfélagar léleg eða fallin tré við Rótarýstigin í Slögu. - 3. - 5. maí. Asparglyttur, grisjun



5. júní. Skilti með umgengisreglum við öll hlið. - 7. júní. Rollur ofan Slögu. 10. júní mættu Grétar og félagar úr Reykjavík og víðar og gróðursettu í Slögu ásamt okkur. Þarna snæðum við nesti með þeim við borð sem var stolið í júlí. - Sjálfboðaliðar SÍ unnu með okkur 10. - 14. júní.



Sjálfboðaliðar Skógræktarfélag Íslands settu mól í stíga við Einbúann, tóku til í uppeldisaðstöðunni við Einbúann og pottuðu asparstiklinga sem höfðu verið klipptir fyrir um vorið. Stiklingarnir voru komnir með stórar og fallegar rætur.



Pottað og lagað til í pottum. Jens og Oddný unnu með sjálfboðaliðunum. Narfi skógræðingur kom með þeim. Á síðustu myndinni eru f.v.: Anna-Lena Aichner frá Austurríki, Paolo Vanoli frá Ítalíu, Narfi, Bero Vetter frá Þýskalandi, Julita Matuszak frá Póllandi.



Potta-mold sótt í moldarflagið við gámana. Gróðursett neðst og innst í „gömlu“ Slögu.



Vatnsrásir grafnar og ræsi sett niður við stíg 10 neðst í Slögu. Sá stígur er mjög blautur og því nauðsynlegt að beina vatni frá honum. - Tré gróðursett. - Við fengum bakkaplöntur frá Landgræðslusjóði 13. júní.



17. júní. Stífla losuð úr ræsi. Valtari fylltur með vatni og stígar valtaðir. Kurl sett í stíga.



20. júní. Áfram sett kurl í stíga. Stígar og samkomusvæði voru slegin með ruddasláttuvél Ingólfs fyrir Líf í lundi.



21. júní. Eðaltré sem Oddný keypti og gróðursetti hér og þar. - Líf í lundi undirbúið, m.a. var slegið með öflugri kjarrsög. Þá þarf svuntu og hlífðargleraugu. - 24. júní kl. 18 til 20 var Líf í lundi haldið á miðsvæðinu við klósettið í Slögu. Greinar tálgaðar, deigi vafið utan um greinina og bakað yfir eldi. Við buðum uppá grillaðar pylsur, lummur, ketilkaffi, kakó og gos. Og axarkastið og bingóið eru alltaf vinsæl. Ánægjulegur dagur þó veðrið hafi stundum verið betra. Á milli trjánna var ágætt skjól.



Nokkrar myndir frá Lífi í lundi í Slögu. Grein tálguð. Pylsur grillaðar.



Axarkastið var vinsælt. Regnhlífar nýttust vel í skjóli trjáanna, óvenjulegt að geta notað regnhlífar á Íslandi. Ungir sem aldrei tálguðu greinar, vöfðu deigi utan um þær og bökuðu yfir eldi.



26. júní. Asparstiklingar pottaðir. Ræturnar líta afar vel út. - Kurli dreift neðan gömlu Slögu.



3. júlí. Bakka- og pottaplöntur á pallinum í Slögu. Bakkaplöntur fluttar í vökvunarbakka við Einbúann.



Tveim borðum var stolið föstudaginn 5. júlí. Kl. 00.18.28 kom þessi bíll keyrandi að svæði okkar og kl. 00.28.50 keyrði hann í burtu og greina má borðin í kerrunni. Mynd af öðru borðinu við gáminn.

Borðin nýttust okkur og ekki síður gestum og gangandi á skógræktarsvæðunum. Leiðinlegt að ekki sé hægt að hafa þau í friði.



5. - 9. júlí. Mold sótt við gámana í Slögu. Uppeldisaðstaðan við Einbúnann. - Kurlhaugurinn.



9. júlí. Heggur pottaður. 10. - 11. júlí. Vinnuflokkur frá Akranesbæ vann með okkur í Garðaflóa. Gras við litlar plöntur troðið niður, áburður borinn á og tré gróðursett. Þá voru asparstiklingar pottaðir.



16. júlí. Kurl sett í stíga í Slögu. Vinnuflokkur Akranesbæjar tróð niður gras við tré og dreifði áburði nálægt Einbúanum. - Oddný keypti ýmis "eðaltré" og gróðursetti á skjólgóðum stöðum.



23. júlí. Kerran skemmdist þegar hún sökk í drullunni. Steðji lagaði það fljótt og vel og breytti hönnuninni þannig að enginn hleri með ljósum lafir niður. Hentar betur í bleytunni hjá okkur. - 25. júlí. Stígar í Garðaflóa voru meira eða minna ófærir í vætutíðinni í sumar. Mjög óvenjulegt, oftast verða þeir færir um sumarið.



25. - 26. júlí. Vinnuflokkur Akranesbæjar í Garðaflóa. Kurl dreift og vatnsrás grafin til að veita vatni burtu í Slögu.



29. júlí. Áfram grafnar vatnsrásir. Eina leiðin til að þurrka stígana og gera þá færa á þessu óþurrkasumri.
8. ágúst. Asparstiklingarnir sem voru pottaðir í júní voru orðnir ansi fallegir.



8. ágúst. Uppeldisaðstaðan við Einbúann. Ýmis tré sem sett voru í potta til að þau stækkuðu og myndu dafna betur í grasinu á svæðum okkar. Þarna er m.a. heggur og Virginíuheggur.



16. ágúst. Hestamenn fóru um stíga okkar og skildu eftir sig hrossaskít og skemmdir í blautum grasstígum sem ekki þola þunga hesta. Við forðumst að keyra um stígana þegar þeir eru svona blautir. - Náð í pottamold.



20. ágúst. Drónamynd af svæðinu við gámana. Pottað við Einbúann í skjóli við gáminn. Lélegt birki pottað.



21. ágúst. Pottað við Einbúann.



3. - 7. sept. Rollur komust inn í Slögu og nöguðu m.a. lítil tré. Eiríkur og Jens löguðu gat á girðingu. En kannski komust rollurnar annars staðar inn, t.d. gæti einhver hafa gleymt að loka hliði?
- Síðasta myndin: sveppur við gáma. Belgsveppur, gæti verið peruflísi að sögn sérfræðings. Ætur á meðan aldinin eru ung og alveg hvít að innan.



6. sept. Ýmis tré, m.a. ávaxtatré, neðst í Slögu.



9. sept. Rjúpur í Slögu. - 11. sept grisjuðu Rótarýfélagar í Slögu. - 13. sept. Fallegir asparstiklingar gróðursettir.



13. sept. Hindber við Einbúann. 16. - 17. sept . Sjálfbóðaliðar SÍ gróðursettu í Slögu, slögu stíga o.fl.



20. sept. Stígar slegnir í Slögu með ruddasláttuvélinni.



Ruddasláttuvélin er býsna öflug, slær m.a. njóla léttilega.



21. sept. Smalað í landi Óss (utan okkar girðinga). Rollur eru þar í óþökk landeigenda. Þessum rollum virðist fara fjölgandi á síðari árum. "Þægilegt" fyrir sauðfjáreigendur að nýta sér land annara til beitar. Alltaf virðast einhverjar rollur komast inn í skógræktina og valda þar töluverðum skemmdum á nýgræðingi.



2. okt. Gróðursetning nálægt Einbúa með útskriftarnemendum Fjölbrautaskóla Vesturlands. Katrín, Jens, Bryndís og Helena aðstoðuðu og veittu góð ráð.



Þarna er mikil sína og því gott að gróðursetja stór tré.





5. okt. Nesti borðað eftir skólgöngu í Slögu. - 7. okt. amagróður hreinsaður úr pottum. - Moldarflagið við gámana í Slögu.



22. okt. Guðjón í Steðja setti hurð og glugga í miðgáminn í Slögu sem er samkomuaðstaða okkar í Slögu. Einar og Jens voru á svæðinu og aðstoðuðu eftir þörfum. Hugmyndin er að hafa tvo innganga, á sitt hvorum enda gámsins. Þá er hægt að nota þann inngang sem er í betra skjóli hverju sinni. Þarna verður afar hvasst þegar vindurinn kemur ofan af fjallinu. Þess vegna var miðjugámurinn settur 3 metrum innar en hinir til að mynda skjól hvaðan sem vindurinn blæs.



24. okt. Einar þéttir meðfram hurð og glugga. 25. okt. Brotið handrið á pallinum við gáminn. Hliðið að Ytra Hólmi skemmt.



27. okt. Nokkur tré færð úr Slögu og á nýja svæðið í "Neðri" Slögu.



28. okt. Steðji smíðaði álhlíf til að setja fyrir gluggann. - 1. nóv. Einar, Eiríkur og Jens þétta hurð og glugga. - 4. nóv. Eiríkur og Jens settu stoðir í gáminn svo hægt væri að setja hillur, borð o.fl. í hann.



6. nóv. Rakasperruplast sett í loftið svo raki þéttist ekki í loftinu þegar kalt er úti. Ef raki þéttist í loftinu getur rignt inni.



31. okt. Tré færð í Slögu. - 13. nóv. Hlið að Ytra Hólmi lagað.



25. nóv. Tré frá Einbúa sett niður í Slögu. - 29. nóv. Hjalti Samúelsson byrjar að vinna í moldarflaginu á jarðýtu sinni. - 5. des. Moldarflagið byrjað að taka á sig mynd.



6. des. Hjalti á jarðýtu sinni. - 9. des. Búið að forma svæðið. Allt blautt svo lokafrágangur bíður. - 13. des. Drónamynd af moldarflaginu sem nú hefur tekið á sig fína mynd.



15. des. Jólatrjáasalan í Slögu gekk vel. Boðið uppá kakó og nýsteiktar kleinur frá Katrínu.



Veðrið reyndist ágætt á meðan á sölunni stóð.



17. des. Undirbúningur í nýju uppeldisaðstöðunni. Gömul girðing og grisjunarviður fjarlægð.



20. des. Grisjunarviður fjarlægður. Gömul girðing fjarlægð. Séð niður að uppeldissvæði úr hlíðinni fyrir ofan.



30. des. Vetrarmyndir úr Slögu. Fururnar dafna vel.



13. des. Drónamynd af svæðinu við gámana í Slögu.



Stjórn Skógræktarfélags Akraness 2024 - 2025

Bjarni



Katrín



Eiríkur



Einar



Oddný



Ellert



Jens



Skógræktarfélag Akraness

Dalbraut 21, 300 Akranesi

<http://www.skogak.com/> jensbb@internet.is 897 5148

Facebook síða: <https://www.facebook.com/groups/326273417742172>

Kennitala: **6906892949**

Stjórn 2024 - 2025:

Jens Benedikt Baldursson, formaður

Katrín Leifsdóttir, varaformaður

Eiríkur Karlsson, gjaldkeri

Oddný Björgvinsdóttir, ritari

Meðstjórnendur:

Bjarni Þóroddsson - Einar J. Guðleifsson - Ellert Kristinn Jósefsson

Varamenn:

Bryndís Siemsen - Helena Valtýsdóttir - Hjördís Hjartardóttir -
Jóhannes Simonsen - Leó Jóhannesson - Margrét Þorvaldsdóttir

Skoðunarmenn ársreikninga:


Lárus Ársælsson - Halldór Stefánsson, varamaður

Stjórnin var kosin á aðalfundi félagsins 19. mars 2024


Viðauki 2. Skógræktarsvæði og merkingar



Gróðursvæði Skógræktarfélag Akraness meðfram Þjóðveginum 2018. Græna merkingin sýnir svæðið sem við fengum skv. samningi 4. nóv. 2002. Hestamenn nýttu stærstan hluta þess og girðingar þeirra voru ekki færðar fyrir en sumarið 2018 og þá skv. nýju deiliskipulagi. Smávægileg breyting var gerð 2021



Slaga 2013 með svæðamerkingum. Samningur frá 1990. Merkingarnar eru notaðar til að auðkenna hvar gróðursett var.



Neðsti hluti Slögu sem tilheyrir skógræktarsvæðinu skv. samningnum 1990. Girt 2018, hluti landsins var tættur og tré gróðursett. Síðan þá hefur verið gróðursett og stígar lagðir og ræsi sett niður. Númer stíga byrjar á NS (neðri Slögu). Lengd stíga er einnig á myndinni.



Stígar í Slögu og lengd þeirra í metrum. Stígar í Slögu eru númeraðir en í neðri Slögu byrja öll stíganúmer á NS.

Svæði neðan Slögu sem Skógræktarfélag Akraness óskar eftir að fá til skógræktar (neðsta myndin). B-svæðið tilheyrir skógræktarfélaginu skv. samningi frá 1990 en var fyrst girt 2018.

A-svæðið: Samningur var tilbúinn til undirritunar 2009 en var ekki undirritaður. Annars allt klárt.

Við óskum eftir D og E ásamt A og Akranesbær hefur lýst yfir velvilja en málið hefur dregist.

2021 fékk Akranesbær skipulagsvald yfir landareign sinni á svæðinu og auglýsti nýtt aðalskipulag til umsagnar. Við óskuðum eftir stækkun skógræktarsvæðisins, jafnvel að hluti Moldartippa yrði útivistar- og skógræktarsvæði. Einnig að svæðið ofan Slögu yrði landgræðslu- og skógræktarsvæði.

